



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 5. nóvember 2020

RMF19080009

3.1.0

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð

Úrbótasjóður tónleikastaða

Heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á Úrbótasjóð tónleikastaða í Reykjavík líkt og á önnur menningarverkefni. Verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur, sem heldur utan um verkefnið, fer yfir stöðuna í meðfylgjandi minnisblaði og er óskað eftir því að menningar- íþróttá- og tómsundaráð taki afstöðu til framhaldsins.

Arna Schram
sviðsstjóri

Minnisblað um Úrbótasjóð tónleikastaða í Reykjavík

-Tekið saman af verkefnastjóra Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur 30. október 2020-

Úrbótasjóður tónleikastaða í Reykjavík er átaksverkefni til tveggja ára sem var sett á laggirnar á síðasta ári. Framlag Reykjavíkurborgar í sjóðinn kom úr menningarpotti borgarinnar í formi sérmerktrar upphæðar til verkefnisins, samtals 8 milljónir króna. Einnig lögðu fagfélög í tónlist til framlög í sjóðinn fyrir alls 1,5 milljón króna.

Í júlí 2019 var kallað eftir umsóknum um styrki vegna úrbóta á árinu 2020. Alls bárust 20 umsóknir í sjóðinn. Faghópur sem skipaður var einum fulltrúa Reykjavíkurborgar og tveimur aðilum frá fagfélögunum þremur, STEF, FHF og FÍH, fór yfir umsóknir og skilaði tillögum um styrkveitingar til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs. Niðurstaða hópsins var sú að veita níu tónleikastöðum styrki til úrbóta. Sú tillaga var samþykkt í ráðinu og komu þeir styrkir til greiðslu á þessu ári. Verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur hefur haldið utan um verkefnið, gekk frá samningum við staðina og fylgdi greiðslum eftir.

Snemma á þessu ári varð ljóst að COVID-19 heimsfaraldurinn myndi hafa miklar afleiðingar á þau fyrirtæki og þá einstaklinga sem sinna lifandi tónlistarflutningi - má þar nefna tónleikastaði, tónleikahaldara, tæknifólk og tónlistarfólkið sjálft. Ekki leið á löngu uns ljóst var að ekki væri hægt að veita alla þá styrki úr úrbótasjóðnum sem samþykktir höfðu verið vegna gjaldþrota og fjárhagslegrar óvissu staðanna. Í töflunni hér að neðan má sjá stöðuna á styrkveitingunum.

1. Yfirlit yfir styrki úr úrbótasjóði tónleikastaða í Reykjavík 2020.

Staður	Styrkuppheð	Úrbætur	Styrkur veittur	Ekki veittur	Skýring
Stelpur rokka!	750,000	Hljóðkerfi	750,000		
Mengi	380,000	Drappingar	380,000		
Hannesarholt	1,700,000	Hjólástjólalyfta	1,700,000		
Stúdentakjallarinn	250,000	Hljóðkerfi	250,000		
Bakkaskemman	470,000	Hljóðkerfi	470,000		
Gaukurinn	1,700,000	Hjólástólalyfta		1,700,000	Geta ekki tryggt mótframlag.
KEX	1,000,000	Hljóðkerfi		1,000,000	Gjaldþrot
Bryggjan brugghús	1,000,000	Hljóðkerfi	1,000,000		Fengu styrk en urðu gjaldþrota. Krafa gerð í þrotabú.
Iðnó	2,250,000	Hljóðkerfi		2,250,000	Gjaldþrot
Samtals	9,500,000		4,550,000	4,950,000	

Eins og sjá má fengu sex staðir að lokum úthlutað úr sjóðnum. Einn staður, Bryggjan brugghús, varð gjaldþrota fljótlega eftir úthlutun. Gerð var krafa í þrotabúið. Sæmundur í sparifötunum (KEX) og Gómsætt ehf. (lðnó) urðu einnig gjaldþrota, að vísu áður en styrkirnir komu til greiðslu, og Gaukurinn sá sér ekki fært að taka á móti styrknum þar sem rekstraraðilarnir treystu sér ekki í mótframlagið á þessum erfiðu tímum. Samtals var því ekki unnt að úthluta 4.950.000 krónum af þeim 9,5 milljónum sem í pottinum voru.

Úthlutun næsta árs

Í ár á með réttu að kalla aftur eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum vegna úthlutunar fyrir árið 2021. Vegna þeirrar miklu óvissu sem blasir við tónleikastöðum í borginni var ákveðið að bíða með að kalla eftir umsóknum þangað til nú í haust. Eitt sjónarmið er að ekki ætti að styrkja staðina á þessum óvissutímum þar sem rekstrarumhverfi þeirra er óstöðugt. Hitt sjónarmiðið er að einmitt á þessum tímum er þörfin fyrir stuðning og viðurkenningu mest og þegar starfsemin er að mestu lömuð er rétti tíminn til að fara í framkvæmdir. Sjá má merki um slíkt og hafa þó nokkrir staðir sinnt uppbyggingu undanfarið, s.s. Gaukurinn og Dillon. Enn fremur má benda á að þrátt fyrir óvissu og erfiðleika eru nýjir staðir að opna. Verið er að endurreisa Húrra og nýjir aðilar hafa nú komið að rekstri Ölvers og hyggja á tónleikahald þar. Að lokum má benda á dæmi frá löndunum í kringum okkur þar sem borgaryfirvöld hafa einmitt stutt við tónleikastaði á þessum tímum til að halda þeim á floti.

Mat verkefnastjóra Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur er að kalla eigi eftir umsóknum um styrki fyrir næsta ár en að því gefnu að hægt verði að falla frá eða lækka umtalsvert kröfuna um mótframlag staðanna. Rökin fyrir því eru að verið sé að koma sérstaklega til móts við staðina á tímum heimsfaraldurs og einnig má benda á að úrbótasjóðurinn er einungis átaksverkefni til tveggja ára og því er ekki verið að gefa fordæmi til næstu ára.

Spurningar voru uppi um hvað ætti að gera við upphæðina sem út af stendur vegna úthlutanna í ár. Verkefnastjóri tónlistarborgarinnar setti sig í samband við fulltrúa þeirra fagfélaga í tónlist sem lögðu til fé í sjóðinn og er það þeirra vilji að framlaginu verði velt áfram inn í sjóðinn fyrir árið 2021, einmitt í ljósi aðstæðna, þannig að fleiri geti fengið styrki eða að einstakir styrkir verði veglegri.

Til þess að unnt sé að kalla eftir umsóknum í ár, setja vinnu faghóps af stað og tilkynna um styrki, þarf að kalla eftir umsóknum sem allra fyrst, gefa mánuð í umsóknarfrest og tilkynna um styrkhafa fyrir miðjan desember.

Fylgiskjal 1 með minnisblaði um Úrbótasjóð tónleikastaða

-Tekið saman af verkefnastjóra Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur 30. október 2020-

Tveir aðilar sem fengu úthlutað styrk úr úrbótasjóði tónleikastaða fyrir árið 2020 hafa falast eftir því að fá að gera breytingar á sínum umsóknum til þess að geta nýtt styrkinn. Óskað er eftir því að ráðið taki afstöðu til eftirfarandi beiðna:

1. Eigendur KEX hostels hafa falast eftir því að fá að færa styrkinn af kennitölu Sæmundar í sparifötunum (sem sá um rekstur veitingastaðarins og varð gjaldþrota) yfir á fasteignafélagið S28 ehf., kt. 670417-0260. Þannig mun húsið sjálft eiga búnaðinn en ekki aðili í veitingarekstri í húsinu. Með þessu móti getur KEX nýtt styrkinn sem þeir fengu með réttu úthlutað fyrir KEX en í nafni veitingastaðarins. Máli sínu til stuðnings benda fulltrúar KEX á að þeir séu búnir að ráða viðburðastjóra, hafi opnað nýjan veitingastað og ætli sér að vera með úrval tónleika og viðburða í gangi bæði inni og í portinu.
2. Rekstraraðilar Gauksins hafa falast eftir því að fá að nýta hluta styrkuppþæðarinnar sem þeir fengu (u.þ.b. 400 þús) til að kaupa magnara í stað hjólastólalyftu en þeir óska að sama skapi eftir framlengingu á því tímabili sem þeir hafa til að klára kaupin og senda inn greinargerð. Þess má geta að eigendur Gauksins hafa farið í mikla andlitslyftingu á staðnum í ár og nýtt samkomutakmarkanir m.a til að pússa upp gólf staðarins. Einnig er unnið að því að opna tónleikastaðinn Húrra við hliðina á Gauknum og er búið að opna á milli staðanna.

Ekki væri úr vegi að veita öllum styrkhöfum meiri frest til að klára sínar úrbætur í ljósi stöðunnar svo jafnt gangi yfir alla. Verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar leggur til að heimilt sé að veita þeim sem þess óska frest til 1. mars 2021 til að klára úrbætur og skila greinargerð.